

Ed.

153. Frumvarp til laga

[118. mál]

um endurhæfingu.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969.)

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að þjálfun og endurhæfingu fólks með varanlega skerta starfshæfni, svo að það geti sem best séð sér farborða með eigin vinnu. Aðstoða skal þær stofnanir, sem annast endurhæfingu, og koma á fót þeim rannsóknar-, endurhæfingar- og vinnustöðvum, sem nauðsynlegar eru, með þeim hætti, sem nánar greinir í lögum þessum.

2. gr.

Félagsmálaráðherra skipar sjö menn í endurhæfingarráð, þar af sex eftir tilnefningu eftirtalinnna aðila, einn frá hverjum: Öryrkjabandalags Íslands, Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Læknafélags Íslands og menntamálaráðuneytisins. Ráðherra skipar einn manna án tilnefningar. Skal hann hafa staðgóða þekkingu á endurhæfingarmálum. Hann skal og vera formaður ráðsins.

Kostnaður við starfrækslu endurhæfingarráðs greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Hlutverk endurhæfingarráðs skal vera:

- a. að semja áætlun um þörf endurhæfingarstöðva og vinnustöðva fyrir fólk með varanlega skerta starfshæfni. Skal í áætlun þessari gerð grein fyrir stærð stofnananna, staðsetningu þeirra, verksviði og búnaði. Við samningu áætlunarinnar skal taka tillit til nýjunga í endurhæfingarmálum og stefna að því, að ráðstafanir til endurhæfingar svari jafnan sem best kröfum tímans.
- b. að hafa eftirlit með endurhæfingarstofnunum og vinnustöðvum fyrir öryrkja.
- c. að vinna að því, að verkaskipting slíkra stofnana verði sem hagkvæmest.
- d. að útvega þeim, sem þarfnast endurhæfingar og þjálfunar, sbr. 13. gr., rúm á stofnun við sitt hæfi og atvinnu að þjálfun lokinni, sbr. 15. gr.
- e. að stunda upplýsingastarfsemi og hvetja þá, sem ekki geta séð sér farborða vegna skertrar starfshæfni, til þess að leita þjálfunar og þeirrar meðferðar, sem við á, svo að þeir geti fengið starf við sitt hæfi.
- f. að vera stjórnarvöldum til aðstoðar og ráðgjafar um endurhæfingarmálefni.

4. gr.

Áætlun sú, sem um ræðir í 3. gr. a, skal gerð fyrir árin 1972—1982. Skal með áætlun þessari stefnt að sem beztri starfrækslu endurhæfingarstöðva og vinnustöðva í landinu. Í sambandi við áætlunargerðina skal endurhæfingarráð hlutast til um, að verksvið hinna ýmsu stofnana verði samræmt og skipulagt, svo að rekstur þeirra verði eins hagkvæmur og kostur er.

Leita skal staðfestingar ráðherra á áætlun þessari.

Endurhæfingarráð skal vinna að því, að hinni staðfestu áætlun verði fylgt. Í því skyni skal ráðið beita sér fyrir því, að einstök öryrkjafélög komi á fót vinnustöðvum fyrir öryrkja á þeim stöðum og með því verksviði, sem brýnust þörf er fyrir.

5. gr.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum endurhæfingarráðs, veitt öryrkjafélögum, sveitarfélögum og öðrum aðilum leyfi til þess að koma á fót endurhæfingarstöð og vinnustöð fyrir öryrkja.

Allar slíkar stofnanir skulu vera svo úr garði gerðar, að þær geti veitt þá þjónustu, sem eftir eðli þeirra og stærð er ætlað til að þær veiti, þar á meðal fræðslustarfsemi, sem nauðsynleg er að dómi endurhæfingarráðs. Slík fræðsla skal vera kostuð af ríkissjóði, enda sé tilhögun hennar samþykkt af menntamálaráðuneytinu.

Allar endurhæfingarstöðvar og vinnustöðvar fyrir öryrkja eru háðar eftirliti endurhæfingarráðs. Skyld er að veita trúnaðarmönnum ráðsins aðgang að stöðvunum, tækjum og öðrum búnaði og láta í té upplýsingar um allt, sem varðar rekstur og afkomu þeirra. Ber ráðinu að leiðbeina stofnunum þessum um sérhvað það, sem betur má fara.

Samkvæmt tillögum endurhæfingarráðs getur ráðherra svipt stofnanir þessar leyfi til starfa, ef þær bæta ekki eftir kröfu ráðsins úr ágöllum innan hæfilegs tíma.

6. gr.

Þeir, sem hyggjast koma á fót stöðvum samkvæmt 5. gr. laga þessara, skulu gera endurhæfingarráði glögga grein fyrir öllu því, er lýtur að stofnun og rekstri stöðvanna.

Að fengnu samþykki ráðsins og leyfi ráðherra, sbr. 5. gr., skal stöðin njóta aðstoðar samkvæmt ákvæðum 7.—8. gr. laga þessara.

7. gr.

Til þess að koma á fót sjálfstæðum endurhæfingarstöðvum skal veita fé úr erfðafjárjóði, eftir því sem það er fyrir hendi, svo sem hér greinir:

- a. Styrkur, sem nemur allt að þriðjungi stofnkostnaðar.
- b. Lán, sem nemi allt að þriðjungi stofnkostnaðar. Lánið skal vera til 15 ára með 5% ársvöxtum, tryggt með 2. veðrétti í endurhæfingarstöðinni, næst á eftir 1. veðréttarláni, er má nema allt að 20% af stofnkostnaði.

8. gr.

Endurhæfingarstöðvar, sem komið er á fót samkvæmt 7. gr. þessara laga, skulu greiða þann kosnað, sem leiðir af nauðsynlegri læknisfræðilegri endurhæfingu, að svo miklu leyti sem hann er ekki greiddur af Tryggingastofnun ríkisins eða öðrum opinberum aðilum.

9. gr.

Til þess að koma á fót vinnustöðvum fyrir öryrkja er heimilt að veita styrki og lán sem hér segir:

- a. Styrk úr erfðafjárjóði, sem nemur allt að 40% af stofnkostnaði.
- b. Lán úr atvinnuleysistryggingasjóði til 20 ára með 5% ársvöxtum, sem nemur allt að 40% stofnkostnaðar.

10. gr.

Verði halli á rekstri endurhæfingarstöðvar eða öryrkjavinnustofu, getur endurhæfingarráð lagt til, að hann verði að einum þriðja hluta greiddur úr atvinnuleysistryggingasjóði, að einum þriðja hluta af lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins og að einum þriðja hluta af rekstraraðila, og er þá stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs og tryggingaráði, hvoru um sig, heimilt að veita styrki samkvæmt tillögum endurhæfingarráðs.

11. gr.

Heimilt er að veita fé úr erfðafjárjóði til þess að koma á fót dvalarheimilum fyrir öryrkja, svo sem hér segir:

- a. Lán, sem nemur allt að fjórðungi byggingarkostnaðar, sem vera skal með sömu afborgana- og vaxtakjörum og lán þau, sem um ræðir í 7. gr. b.
- b. Styrk, sem má nema allt að fjórðungi byggingarkostnaðar.

12. gr.

Rétt til þess að vera aðnjótandi endurhæfingar samkvæmt lögum þessum eiga þeir, sem lögheimili eiga á Íslandi og annaðhvort:

- a. geta ekki séð sér farborða vegna varanlegrar skertrar starfshæfni, eða
- b. er nauðsyn þjálfunar eða endurhæfingar til þess að koma í veg fyrir, að þeir missi hæfileika sína til þess að sjá sér farborða vegna fyrirsjáanlega minnkandi starfsgetu af völdum orkutaps.

13. gr.

Hver sá, sem óskar þjálfunar vegna skertrar starfshæfni skal, ef þess gerist þörf, ganga undir hæfnis- og starfspróf, þar sem rannsókuð verður andleg og líkamleg hæfni hans. Við próf þetta skal afla upplýsinga um fortíð hans, heilsufar, menntun, uppeldi, hugðarefni, félagslegar aðstæður, efnahag og atvinnu og annað, er máli skiptir fyrir þjálfun og starfsval.

Endurhæfingarráð skal sjá um, að rannsóknir þær og próf, sem um ræðir í 1. mgr., fari fram. Í því skyni getur ráðið samið við þar til hæfa stofnun um að annast þetta verkefni.

Að lokinni rannsókn og prófi samkvæmt grein þessari skal í samráði við hlutaðeigandi mann gera áætlun um, hvernig þjálfun hans skuli haga.

14. gr.

Samkvæmt tillögu endurhæfingarráðs skulu þeir, sem njóta endurhæfingar samkvæmt lögum þessum, eiga kost á aðstoð svo sem hér segir:

- a. Styrk, ef fjárhagsástæður þeirra eru með þeim hætti, að þeir geti ekki aflað sér þess, sem þeir og skyldulið þeirra mega ekki án vera til lífsframfærslu, á meðan endurhæfing fer fram.
- b. Styrk eða lán til verkfæra- og tækjakaupa og annarri fyrirgreiðslu í sambandi við heimavinnu eða sjálfstæða starfsemi að endurhæfingu lokinni.

Útgjöld samkvæmt a-lið þessarar greinar skulu greidd af hlutaðeigandi sveitarfélögum. Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins veitir aðstoð samkvæmt b-lið greinarinnar.

15. gr.

Nú fellur niður endurhæfingarstarfsemi, sem notið hefur styrks samkvæmt 7. og 9. gr., og er þá endurkræfur styrkur sá að fullu, sem veittur hefur verið, ásamt venjulegum útlánsvöxtum frá þeim tíma, að starfsemin féll niður. Sama gildir um styrk til dvalarheimilis öryrkja, sbr. 11. gr., ef starfsemi þess fellur niður.

16. gr.

Þeir, sem notið hafa endurhæfingar samkvæmt lögum þessum, skulu fá aðstoð til að finna starf við sitt hæfi. Endurhæfingarráð skal í samvinnu við vinnumiðlunina í landinu láta gera könnun á atvinnulífinu með tilliti til hentugra starfa fyrir fólk með skerta vinnugetu, gera spjaldskrá yfir fyrirtæki, er slíkum störfum ráða, og vinna að því, að þeir fái aðgang að þessum störfum.

Þeir, sem notið hafa endurhæfingar, skulu að öðru jöfnu, eiga forgangsrétt til atvinnu hjá ríki og bæjarfélögum.

17. gr.

Um styrk til einstaklinga vegna læknisfræðilegrar endurhæfingar, vegna gervi-
lima- og tækjakaupa fer eftir ákvæðum laga um almannatryggingar.

18. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1970.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi, dags. 14. sept. 1967, fól félagsmálaráðherra Öryrkjabandalagi Íslands að semja drög að frumvarpi til laga um öryrkjaheimili og endurhæfingarstöðvar. Árangur þessa er frumvarp það um endurhæfingu, sem hér liggur fyrir.

Hér á landi eru engin lög um endurhæfingu fólks með skerta starfshæfni. Mikið og merkilegt starf við slíka endurhæfingu er þó unnið í landinu. Á þessu sviði hefur frumkvæði og framtak verið hjá félagasamtökum. Þótt ekki sé hér um að ræða lögboðna aðstoð hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga, við endurhæfingu, hafa þessir aðilar styrkt slíka starfsemi í landinu með ýmsum hætti, beint og óbeint. Í flestum þróuðum ríkjum eru lög um endurhæfingu, sem ákveða mikla fjárhagslega aðstoð við þetta málefni. Þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (I.L.O.) hefur samþykkt ályktun eða tillögu um starfsendurhæfingu fólks með skerta starfshæfni, sbr. samþykkt þingsins árið 1955 nr. 99, sem prentuð er sem fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir ýmiss konar aðstoð við stofnanir, sem annast endurhæfingu. Hins vegar er ekki lagt til, að hið opinbera taki framkvæmd málsins í sínar hendur. Gert er ráð fyrir frumkvæði og framkvæmdum á vegum félagasamtaka, sem raunar hefur gefið góða raun hér á landi til þessa. Eigi að síður er nauðsynlegt, að öll slík starfsemi sé undir opinberri yfirstjórn og eftirliti, svo að tryggja megi samræmda og skipulega starfsemi, sem auka mun hagkvæmni og ná betri árangri í heild en vænta má án opinberrar íhlutunar.

Skal nú rekja í stuttu máli helztu nýmæli þessa frumvarps:

1. Yfirstjórn endurhæfingar verði falin sjö manna nefnd, endurhæfingarráði, sem ráðherra skipar eftir tilnefningu ýmissa aðila, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Formaður verði skipaður án tilnefningar.

2. Hlutverk þessa ráðs er að skipuleggja allt endurhæfingarstarf í landinu, m. a. með því að gera tíu ára áætlun um nauðsynlegar aðgerðir, sem framkvæmdar verði á árunum 1972—1982. Ráðið verði stjórnarvöldum ráðgjafaraðili um endurhæfingarmálefni.

3. Opinber fjárhagsleg aðstoð verði veitt af eftirtöldum aðilum:

- a. Erfðafjárjóður veiti styrk og lán til stofnunar endurhæfingar- og vinnustöðva og dvalarheimila fyrir öryrkja, sbr. 7., 9. og 11. gr. frumvarpsins. Sjóðurinn hefur veitt slíka aðstoð, en hér er lagt til, að lögfestar verði reglur um þessa aðstoð, sem gera ráð fyrir aukinni aðstoð.
- b. Atvinnuleysistryggingasjóður, veiti lán til stofnunar vinnustöðva, sbr. 9. gr., og greiði þriðjung rekstrarhalla endurhæfingar- og vinnustöðva, sbr. 10. gr.
- c. Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins greiði þriðjung rekstrarhalla endurhæfingar- og vinnustöðva, sbr. 10. gr., og veiti aðstoð vegna verkfæra- og tækjakaupa, samkvæmt 14. gr. b.
- d. Ríkissjóður greiði kostnað við starfrækslu endurhæfingarráðs, sbr. 2. gr., og kostnað við nauðsynlega fræðslu, umfram skyldunám samkvæmt almennum fræðslulögum, sbr. 5. gr.
- e. Sveitarfélög kosti aðstoð við þá, sem starfsendurhæfingar njóta, sbr. 14. gr. a.

Endurhæfing er að verulegu leyti skipulagning og áætlanagerð um framtíð þess, er vegna slyss, sjúkdóms eða meðfæddra örkuðla hefur minni möguleika á því að sjá sér og sínum farborða heldur en heilbrigður einstaklingur, og enn fremur hvers konar aðgerð er miðar að því að afla á ný glataðrar orku, með þjálfun lamaðra líkamshluta eða öðrum tiltækum ráðum.

Meginþættir endurhæfingar eru fjórir:

1. Læknisfræðileg endurhæfing.
2. Félagsleg endurhæfing.
3. Fræðsla og starfsmenntun (skólun).
4. Atvinnuendurhæfing.

Markmið lækisfræðilegrar endurhæfingar er:

- a. Að draga sem mest úr skaða, andlegum eða líkamlegum, er verður vegna sjúkdóma, slysa eða meðfæddrar vanhæfni.
- b. Að beita öllum tiltækum ráðum til þess að ná sem fyllstum bata á sem skemmstum tíma.
- c. Sé fullur bati óhugsandi, þá að stuðla að svo góðum bata sem unnt er og kenna einstaklingnum að hagnýta sér þá orku, sem eftir er, á sem árangursríkastan hátt.

Markmið félagslegrar endurhæfingar er:

- a. Að kynna sér og rannsaka hagi þess, er endurhæfa skal, og fjölskyldu hans.
- b. Að gefa ráðleggingar um fjölskyldusamskipti, fjármál, húsnæðismál, atvinnumál o. fl.
- c. Að veita fræðslu og ráðleggingar vegna þess andlega áfalls, sem fötlun er, og sætta viðkomandi við að lifa lífinu fatlaður. Sjúkdómar og slys geta gjörbreytt afkomumöguleikum og lífsaðstöðu manna og það oft mjög skyndilega. Það getur háð bata sjúklings, ef hann hefur áhyggjur eða kvíða vegna eigin afkomu eða fjölskyldunnar.

Fræðsla og starfsmenntun (skólun) er fólgin í hvers konar námi, bóklegu og verklegu, og er mikilvægur þáttur í endurhæfingu. Rétt valið nám getur dregið mjög úr hindrun þeirri, sem fötlun er, og bætt upp þann skaða, sem orðinn er. Nám getur algerlega skorið úr um það, hvort full starfshæfni næst á einhverju sviði.

Atvinnuendurhæfing er lokamarkmið endurhæfingarinnar og er fólgin í því að afla þeim, sem endurhæfður er, þeirrar starfshæfni, sem nægi til framfærslu hans. Hér er um að ræða:

- a. Starfs- og hæfniprófun, er fer fram í þar til ætluðum hæfniprófunarstöðvum.
- b. Skóla eða námskeið, sem vísað er til í samræmi við árangur hæfniprófa.
- c. Þjálfunarstaði eða vinnustöðvar, er hafa það hlutverk að æfa öryrkja undir framtíðarstarf.
- d. Útveggun vinnu við þau störf, er henta að endurhæfingu lokinni.

Hér fara á eftir athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt grein þessari fjallar frumvarp þetta fyrst og fremst um atvinnuendurhæfingu. Hins vegar eru hinir ýmsu þættir endurhæfingar svo samofnir, að erfitt er að greina þá alveg að. Frumvarpið geymir því einnig ákvæði um aðra þætti endurhæfingarinnar. Til nánari skýringar á atvinnuþjálfun vísast til fylgiskjals með frumvarpinu, III. kafla.

Um 2. gr.

Endurhæfingarráð hefur miklu hlutverki að gegna um skipulag og framkvæmd endurhæfingar. Það er sá aðili, sem ætlað er til að móti þróun þessara mála. Lagt er til, að fulltrúar í þessu ráði verði tilnefndir af þeim aðilum, sem meira og minna hafa með hina ýmsu þætti endurhæfingar eða vinnumála að gera. Í þessu efni vísast til IV. kafla fylgiskjalsins 18. gr. (2).

Það er ekki unnt að áætla kostnað vegna starfrækslu endurhæfingarráðs að svo stöddu. Gera verður ráð fyrir, að fulltrúar í endurhæfingarráði fái einhverja þóknun fyrir störf sín þar. Ráða verður fastan starfsmann og skrifstofustúlku og leggja til húsnæði með tilheyrandi.

Um 3. gr.

Til þess að tryggja sem beztan árangur af ráðstöfun þess fjár, sem ráðstafað er til endurhæfingarmála, er nauðsyn að gera áætlun um heildarþörfina í framtíðinni, sbr. fylgiskjal IV. kafla 18. gr. (3) a. Auk áætlunargerðar er lagt til, að endurhæf-

ingarráð hafi eftirlit með öllum endurhæfingarstofnunum og vinnustöðvum fyrir öryrkja. Nauðsynlegt er að samræma starfsemi hinna ýmsu stofnana, svo að endurhæfingarstarfið verði skipulega unnið í landinu. Lagt er til, að ráðið útvegi þeim, sem þarfnast endurhæfingar og þjálfunar, rúm á stofnun við sitt hæfi og síðan atvinnu að þjálfun lokinni. Í því sambandi kemur til greina náið samstarf við hina almennu vinnumiðlun í landinu, sbr. 15. gr. Lagt er til, að ráðið stundi upplýsingastarfsemi og hvetji þá, sem þurfa endurhæfingu, til þess að leita þjálfunar. Kemur þá til greina, að ráðið hlutist til um útgáfu upplýsingarita um endurhæfingu og gildi hennar. Loks skal ráðið vera stjórnarvöldum til ráðgjafar og aðstoðar um endurhæfingarmálefni.

Um 4. gr.

Grein þessi hefur að geyma nánari ákvæði um áætlun þá, sem um ræðir í 3. gr. a. Rétt þótti að ætla rúman tíma eða 2 ár til þess að gera umrædda áætlun, og hún skal gerð um 10 ára þróun. Endurhæfing kemst ekki í fullkomið horf í einni svipan, þykir því nauðsynlegt að ætla 10 ár til þess að koma upp þeim stöðvum, sem bezt gegna þörfinni um landið allt. Endurhæfingaráætlun þarf að endurskoða og endurbæta í samræmi við kröfu tímans, því þótti ekki rétt að gera ráð fyrir áætlun um lengri tíma en 10 ár.

Um 5. gr.

Svo sem áður er sagt, er gert ráð fyrir því, að aðrir aðilar en ríkisvaldið reki endurhæfingarstofnanirnar. Lagt er til, að stofnun og starfræksla slíkra stöðva sé háð leyfi ráðherra. Í 3. mgr. er lagt til, að endurhæfingarráð hafi eftirlit með því, að stöðvarnar veiti þá þjónustu, sem ætlast er til.

Í þessari grein er getið um tvenns konar stofnanir fyrir öryrkja:

1. Endurhæfingastöðvar. Hér er um að ræða hvers konar stofnanir, er hafa það markmið að þjálfa fatlaða, líkamlega og andlega, svo sem:

- a. Æfingarstöðar fyrir fatlaða.
- b. Skólar.
- c. Vinnustöðvar, er hafa það höfuðmarkmið að þjálfa, enda þótt einnig geti verið um atvinnu fyrir öryrkja að ræða um lengri eða skemmri tíma.

Um aðferðirnar, er endurhæfingarstöðvarnar skyldu nota til þess að ná sínu marki, vísast til fylgiskjals, sjá III. kafla.

2. Vinnustöðvar. Hér er um að ræða vinnustofur, er veita öryrkjum atvinnu um lengri tíma, svonefndar verndaðar vinnustöðvar, sjá VIII. kafla fylgiskjalsins.

Um 6. gr.

Ákvæði þessarar greinar tryggja, að endurhæfingarráð geti fylgt með því, að eðlileg sjónarmið ráði varðandi uppbyggingu og búnað þeirra stöðva, sem stofnsettar eru. Samþykki ráðsins og leyfi ráðherra eru skilyrði fyrir því, að stofnunin njóti aðstoðar þeirrar, sem um ræðir í frumvarpinu.

Um 7. gr.

Ekki er talið rétt, að endurhæfingardeildir við sjúkrahús eða hæli njóti aðstoðar samkvæmt lögum þessum, þar eð kostnaður við byggingu þeirra er greiddur af öðrum aðilum og sömuleiðis kostnaðurinn við reksturinn. Þess vegna er hér talað um sjálfstæðar endurhæfingarstöðvar og þá fyrst og fremst átt við þær, sem eru byggðar og reknar af félögum.

Erfðafjárjóður hefur lengi lánað fé og veitt styrki til byggingar öryrkjastofnana. Fjárþörf hans mun eftir samþykkt þessara laga aukast mjög. Gert er ráð fyrir, að tekjur hans vaxi verulega, þegar nýja fasteignamatið tekur gildi.

Um 8. gr.

Læknisfræðileg endurhæfing er að jafnaði greidd af opinberum aðilum. Ákvæði greinarinnar eiga að tryggja ókeypis læknisfræðilega endurhæfingu, þegar nauðsyn er talin á henni, þótt opinberir aðilar kosti hana ekki samkvæmt núgildandi lögum. Kostnaður af þessum ástæðum telst með kostnaði endurhæfingarstöðvarinnar. Um halla á rekstri slíkra stöðva gilda ákvæði 10. gr.

Um 9. gr.

Grein þessi fjallar um aðstoð til þess að koma á fót vinnustöðvum fyrir öryrkja. Hlutdeild erfðafjárjóstis í þessu efni, er ekki nýmæli, því að erfðafjárjóstur hefur veitt aðstoð af þessu tagi. Það er hins vegar nýmæli í b-lið greinarinnar, þar sem gert er ráð fyrir 20 ára hagkvæmu láni úr atvinnuleysistryggingasjóði. Hlutverk vinnustöðva er að veita öryrkjum atvinnu eða þjálfu þá, svo að þeir geti séð sér farborða með eigin starfi. Hlutverk atvinnuleysistrygginga er að bæta bøl þeirra, sem atvinnulausir eru, og því í raun og veru hið sama og hlutverk vinnustöðva samkvæmt frumvarpi þessu. Er því eðlilegt að gera ráð fyrir aðstoð trygginganna í þessu skyni.

Um 10. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum eru engin ákvæði um aðstoð vegna rekstrarhalla endurhæfingar- eða öryrkjavinnustofa. Í nágrannalöndum okkar er þessu þó á annan veg farið, þar bera opinberir aðilar eðlilegan halla af slíkum rekstri.

Í grein þessari er lagt til, að halla slíkra stöðva verði skipt jafnt á milli þriggja aðila, atvinnuleysistryggingasjóðs, lífeyrisdeildar Tryggingastofnunar ríkisins og rekstraraðilans. Um hlutdeild atvinnuleysistryggingasjóðs vísast til athugasemda við 9. gr. Þar eð vel heppnuð endurhæfing mun létta bótagreiðslur til ýmissa öryrkja eða jafnvel spara þær alveg, virðist eðlilegt, að sá aðili, nefnilega lífeyrisdeildin, sem greiðir örorkubætur, styðji endurhæfingarstarfið, svo sem hér er gert ráð fyrir. Til þess að tryggja hagkvæman rekstur þessara stofnana þykir nauðsynlegt, að þeir, sem annast rekstur þeirra, beri sinn hluta í halla þeim, sem óhjákvæmilega leiðir af rekstri stöðvanna, ef þær annars eiga að ná þeim tilgangi, sem þeim er ætlað.

Um 11. gr.

Hentugt og gott húsnæði er eitt torleyfasta vandamál margra öryrkja. Greininni er ætlað að létta undir byggingu íbúðarhúsnæðis fyrir öryrkja og skapa möguleika til lágrar húsaleigu, sjá staflíð b í þessari grein. Ætlað er til þess, að þær framkvæmdir í þessu efni, sem nú er byrjað á, hús Öryrkjabandalags Íslands, Sjálfsbjargar og Blindrafélagsins, geti notið þessarar fyrirgreiðslu.

Ákvæðið í a-lið þessarar greinar er ekki nýmæli, því að slík lán, sem þar er gert ráð fyrir, hafa verið veitt úr erfðafjárjósti til þessa. Ákvæði b-liðsins um styrk er hins vegar nýmæli.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Þótt vel hafi verið unnið að endurhæfingu hér á landi á ýmsum sviðum, þá eru þó ófyllt skörð. Stærst þeirra er þó e. t. v. athugun og alhliða prófun á starfshæfni þeirra, er þarfnast atvinnuendurhæfingar, ásamt áætlun um framkvæmd hennar hjá hverjum einstaklingi. Þetta er grundvallaratriði við endurhæfingu hvers manns.

Prófun starfshæfninnar og áætlanagerðin um framkvæmd endurhæfingarinnar er sérstakt verkefni, sem er skylt fræðslu og rannsókn á heilsufari. Því er lagt til, að þessi þáttur sé kostaður af ríkinu, og lagt á vald endurhæfingarráðs, hver skuli annast framkvæmdina. Erfitt er að gera sér grein fyrir kostnaði við prófunina, þó er

hér ekki um verulega upphæð að ræða, þar sem fjöldi þeirra, er prófa þarf árlega, er mjög takmarkaður og ætla má, að ráðið nái hagkvæmum samningum við stofnanir, sem fyrir eru, um framkvæmd rannsókna þessara.

Um 14. gr.

Hér er um að ræða aðstoð við þá, sem endurhæfingar njóta („atförlingspenge“, sem Norðmenn nefna slíka hjálp).

Reglan í staflíð a er samhljóða meginreglu framfærslulaga nr. 80/1947, 1. gr. Breytingin er einungis í því fölgín, að meðal þeirra atvika, sem téð lagagreín nefnir sem ástæðu til hjálpar, er í þessu frumvarpi bætt við endurhæfingu.

Nýmæli er og í b-lið greinarinnar. Í þessu sambandi er vísað til fylgiskjalsins, sjá V. kafla 22. (2).

Lagt er til, að sveitarsjóðir greiði kostnað samkvæmt a-lið þessarar greinar, en lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins veiti þá aðstoð, sem gert er ráð fyrir í b-lið greinarinnar.

Um 15. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Lokatakmark atvinnuendurhæfingar er, að öryrkinn fáí starf við sitt hæfi. Allt, sem á undan er gengið, verður til lítils, ef það tekst ekki. Æskilegast er, að sem flestir fáí störf á frjálsum vinnumarkaði hjá venjulegum fyrirtækjum. Þetta er langhagkvæmasta leiðin og sparar mikið fé, dregur úr þörf sérstakra vinnustofa fyrir öryrkja og er ánægjulegast fyrir þá sjálfa. Er því sjálfsagt að nýta möguleika atvinnulífsins eins og unnt er í þessu skyni.

Nauðsynleg forsenda þess er, að gerð verði skipuleg könnun á atvinnulífinu með tilliti til starfa, er henta fötluðum, og sú upplýsing, sem við hana fæst, verði tiltæk á einum stað. Gert er ráð fyrir, að endurhæfingarráð leiti upplýsinga hjá vinnumiðlunum í landinu í þessu sambandi og hafi þannig á takteinum þá vitneskju, sem nauðsynleg er í þessu efni. Þetta mun auðvelda mjög vinnuúttegum fyrir öryrkja.

Eðlilegt er að ríki og bæjarfélög veiti gott fordæmi með því að láta öryrkja að öðru jöfnu ganga fyrir störfum.

Um 17. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Tillaga Alþjóðavinnuámalastofnunarinnar nr. 99 um atvinnuþjálfun fatlaðra manna til viðreisnar þeim (1955).

I. Skilgreiningar.

1. Í tillögu þessari tákna:
 - a. orðin „atvinnuþjálfun til viðreisnar“ þann hluta stöðugar og samræmdrar viðreisnartilraunar, sem felur í sér ráðstöfun til þeirrar atvinnuþjónustu, t. d. leiðbeiningar um atvinnuval, þjálfun til sérstakrar atvinnu og úttegum sérstakrar atvinnu, sem miðar að því, að fatlaðir menn geti fengið og haldið í þá atvinnu, sem þeim hentar; og

- b. orðin „fatlaður maður“ þann mann, sem hefur minni horfur á að geta aflað sér hentugrar atvinnu sökum þess að hann er líkamlega eða andlega fatlaður.

II. Svið atvinnuþjálfunar til viðreisnar.

2. Aðstoð um atvinnuþjálfun til viðreisnar skyldi standa öllum fötluðum mönnum opin, hvers eðlis sem fötlun þeirra er og hvernig sem hún er til komin og á hvaða aldri sem þeir eru, svo framarlega sem unnt er að búa þá undir að taka að sér hentugt starf og halda því og þeir hafa þolanlega horfur á, að það megi takast.

III. Reglur og aðferðir við leiðbeiningar um stöðuval, atvinnuþjálfun og útvegum atvinnu handa fötluðum mönnum.

3. Allar nauðsynlegar og hagkvæmar ráðstafanir skyldu gerðar til þess að koma á og efla leiðbeiningarþjónustu um atvinnuval handa fötluðum mönnum, sem þurfa á aðstoð að halda við að velja sér atvinnu eða breyta til um hana.

4. Aðgerðirnar við leiðbeiningar um atvinnuval skyldu taka til þess, er að neðan greinir, að svo miklu leyti sem það samrýmist kringumstæðum í landinu og á við í hverju einstöku tilfelli:

- a. að hafa tal af þeim sýslunarmanni, sem leiðbeinir um stöðuval;
- b. að kynna sér það, sem upplýst verður um atvinnusögu mannsins;
- c. að kynna sér skólaferil hans og annað það, er upplýst verður um menntun hans, munnlega og verklega;
- d. lækni- og hæfileikaprófa og annarrar sálfræðilegrar prófunar, þar sem það hentar;
- f. að afla upplýsinga um kringumstæður hans sjálfs og skylduliðs hans;
- g. að ganga úr skugga um hæfileika hans og hæfileikabroska með því að prófa hann í starfi og með öðrum slíkum ráðum;
- h. tæknilegra prófa, hvort heldur munnlegra eða með öðrum hætti, hvenær sem slíkt virðist nauðsynlegt;
- i. sundurliðunar á líkamlegum hæfileikum með hliðsjón af því, hvað hverri atvinnugrein hentar, og þeim möguleika að þroska hæfileikana;
- j. að afla upplýsinga um atvinnu og tækifæri til þjálfunar eftir því, hverjir hæfileikarnir eru, líkamlegir hæfileikar, og til hvers maðurinn er fallinn og hvert löngun hans stefnir, hverja reynslu hann hefur og hvað það sé, sem vinnumarkaðurinn þarfnast.

5. Þær reglur, ráðstafanir og aðferðir við atvinnuþjálfun, sem að jafnaði tíðkast, þegar um ófatlaða menn er að ræða, skyldu hafðar við fatlaða menn, eftir því sem læknisleg og uppeldisleg skilyrði leyfa.

6. (1) Þar sem þess er kostur, skyldi þjálfun fatlaðra manna gera þá svo úr garði, að þeir geti sinnt arðbærum störfum, slíkum að þeim komi að notum atvinnu- hæfileikar þeirra og meðfæddir eiginleikar að því er til atvinnumöguleika kemur.

(2) Með þetta fyrir augum skyldi þjálfun þeirra vera:

- a. samræmd stöðuvalinu, með ráði læknis, við þau störf, þar sem vinna sú, sem heimtuð er, hefur sem allra minnst áhrif á fötlun hans;
- b. hvenær sem það hentar eða er mögulegt, vera í því starfi, sem hinn fatlaði maður hafði áður með höndum, eða lúta að þeirri vinnu, sem því er skyld; og
- c. henni haldið áfram, unz hinn fatlaði maður hefur öðlazzt næga kunnáttu til þess að geta að eðlilegum hætti unnið á sama grundvelli og ófatlaðir menn, ef það er mögulegt, að hann geri svo.

7. Þar sem á því eru möguleikar, skyldi hinn fatlaði maður þjálfaður við sömu skilyrði og ófatlaðir menn.

8. (1) Sérstök þjónustugrein skyldi stofnuð eða eflað til þess að þjálfa þá fatlaða menn, sem sökum þess, hve fötlun þeirra er stórfelld, verða ekki þjálfaðir saman með ófötluðum mönnum.

(2) Þar sem þess er kostur eða það á við skyldu þessar þjónustugreinar, meðal annars, innifela:

- a. skóla eða kennslustöðvar, með heimavist eða án hennar;
- b. sérstök stutt og löng námskeið vegna sérlegra atvinnugreina;
- c. framhaldsnámskeið til frekari þjálfunar fatlaðra manna.

9. Ráðstafanir skyldu gerðar til þess að hvetja vinnuveitendur til þess að sjá fötluðum mönnum fyrir þjálfun; skyldu þær ráðstafanir innifela, eftir því sem við á, fjárhagslega, tæknilega, læknislega og atvinnulega aðstoð.

10. (1) Ráðstafanir skyldu gerðar til þess að efla sérstakar aðgerðir til útvegunar atvinnu handa fötluðum mönnum.

(2) Þær aðgerðir skyldu tryggja að vel takist um ráðningar, með því að:

- a. halda skrá yfir þá, er um atvinnu sækja;
- b. halda skrá yfir starfshæfileika þeirra, æfingu og óskir;
- c. ræða við þá, áður en þeir eru ráðnir;
- d. meta, ef nauðsyn krefur, líkamlega og atvinnulega hæfileika þeirra;
- e. hvetja vinnuveitendur til þess að tilkynna hlutaðeigandi stjórnarvaldi lausar stöður;
- f. hafa samband við vinnuveitendur, þegar þess gerist þörf, til þess að gera ljósa starfshæfileika fatlaðra manna og útvega þeim atvinnu;
- g. hjálpa þeim til að útvega sér þær leiðbeiningar um atvinnuval, atvinnuþjálfun og þá læknislegu og félagslegu þjónustu, sem þeim kann að vera nauðsynleg.

11. Framhaldsaðgerðum skyldi haldið uppi:

- a. til þess að ganga úr skugga um það, hvort útvegun atvinnu eða þjálfun til atvinnu eða aðstoð við framhaldsþjálfun hafa gefið góða raun, og til þess að gera sér það ljóst, hver árangur hefur orðið af ráðum, gefnum um atvinnu, og af aðferðunum;
- b. til þess eftir megni að ryðja úr vegi þeim hindrunum, er varnað gætu því, að hinn fatlaði maður uni sér vel við starf sitt.

IV. Skipulag framkvæmda.

12. Þjónustugreinar atvinnuþjálfunar skyldi skipuleggja og efla sem varanlegan og samræmdan starfsþátt, enda sé það gert af hlutaðeigandi stjórnarvaldi eða stjórnarvöldum, og eftir því sem því verður við komið, skyldi nota þá leiðbeiningu um atvinnuval, sem fyrir er, og það sem þegar er unnið að atvinnuþjálfun og vinnuráðningum.

13. Hlutaðeigandi stjórnarvald eða stjórnarvöld skyldu sjá til þess, að nægilegur mannaflí og tilhlýðilega fær um að gegna starfi sínu sé fyrir hendi til þess að sinna atvinnuþjálfun fatlaðra manna, þar á meðal framhaldsþjálfun þeirra.

14. Efling þjónustu til atvinnuþjálfunar fatlaðra manna skyldi að minnsta kosti halda til jafns við eflingu hinnar almennu þjónustu við atvinnuval, atvinnuþjálfun og ráðningarstarfsemi.

15. Atvinnuþjálfun til viðreisnar fötluðum mönnum skyldi skipuleggja og efla með þeim hætti, að hinir fötluðu hafi möguleika til þess að stofna til og reka atvinnu fyrir eigin reikning á öllum sviðum starfsins.

16. Ábyrgðin á framkvæmdum og eflingu hinnar almennu skipulagningar og eflingar atvinnuþjálfunar fatlaðra manna skyldi falin:

- a. einni stjórnardeild, eða
- b. sameiginlega þeim stjórnarvöldum, sem hinir ýmsu liðir þjónustunnar heyra undir, og sé þá ein þessara stjórnardeilda sérstaklega ábyrg og sjái um samræmingu

17. (1) Hlutaðeigandi stjórnarvald eða stjórnarvöld skyldu gera allar nauðsynlegar og æskilegar ráðstafanir til þess að tryggja samvinnu og samræmi milli opinberra aðila og einkafyrirtækja, er starfa að atvinnuþjálfun fötluðum mönnum til viðreisnar.

(2) Tilhlýðilegt er, að í slíkum aðgerðum sé innifalið:

- a. að ákvarða, hvernig takmarkast skuli ábyrgð og skylda opinberra aðila og einstaklingsframtaks;
- b. fjárhagsstuðningur til einkafyrirtækja, er taka gagnlegan þátt í atvinnuþjálfun fötluðum til viðreisnar;
- c. tæknilegar leiðbeiningar til einkafyrirtækja.

18. (1) Þjónustugrein, er annist atvinnuþjálfun fötluðum mönnum til viðreisnar, skyldi komið á og hún efld með aðstoð ráðgefandi nefndar sérfróðra manna, og skyldi verksvið hennar vera allt landið, og landshlutar og héruð, þar sem það hentar.

(2) Í slíkum nefndum skyldu eftir því sem hentar, vera fulltrúar:

- a. þeirra stjórnarvalda og fyrirtækja, sem sinna atvinnuþjálfun fötluðum til viðreisnar;
- b. félagssamtaka vinnuveitenda og verkamanna;
- c. menn sérstaklega hæfir til að sitja þar sökum þekkingar sinnar á atvinnuþjálfun fötluðum mönnum til viðreisnar og fyrir afskipti sín af því máli; og
- d. félagssamtaka fatlaðra manna.

(3) Það skyldi hlutverk þessara nefnda að vera með í ráðum um:

- a. að því er varðar landið allt, — framtíðarskipulag starfsins við atvinnuþjálfun fatlaðra manna;
- b. að því er varðar smærri svæði, — framkvæmd þeirra ráðstafana, sem gerðar eru fyrir landið í heild, hvernig þær skuli lagaðar eftir kringumstæðum á hverjum stað og hvernig samræma beri athafnir stærri og smærri landshluta í málinu.

19. (1) Hvatt skyldi til rannsókna og þær studdar, einkum af hlutaðeigandi stjórnarvöldum, til þess að fá mælikvarða á það starf, sem unnið er fötluðum mönnum til viðreisnar, og til þess að bæta um það.

(2) Slíkar rannsóknir skyldu innifela í sér stöðugar eða sérstakar athuganir á því, sem gert er til þess að útvega fötluðum mönnum atvinnu.

(3) Rannsóknirnar skyldu ná til vísindalegra rannsókna á margvíslegri tækni og aðferðum, sem beitt er við atvinnuþjálfun fötluðum mönnum til viðreisnar.

V. Aðferðir til þess að gera fötluðum mönnum mögulegt að notfæra sér viðreisnarþjónustuna.

20. Fyrir því skyldi hugað, að fötluðum mönnum verði mögulegt að notfæra sér til hlítar allt það, sem unnið er þeim til viðreisnar, og það tryggt, að eitthvert stjórnarvald aðstoði persónulega sérhvern fatlaðan mann við að ná eins mikilli viðreisn og unnt er.

21. Í þeim ráðstöfunum skyldi innifalið:

- a. upplýsingar og auglýsingar um þá þjónustu, sem kostur er á um atvinnuþjálfun til viðreisnar og um þær framtíðarhorfur, sem við slíkt eru bundnar fyrir hinn fatlaða mann;
- b. að hinum fatlaða manni sé veitt viðunandi fjárhagsaðstoð.

22. (1) Slík fjárhagsaðstoð skyldi veitt hvenær sem er meðan á endurreisnarstarfinu stendur, og skyldi hún hafa það markmið að létta undirbúning hins fatlaða manns til þess að tryggja sér og fá síðan haldið atvinnu, þar á meðal fyrir eigin reikning.

(2) Hún skyldi ná til ókeypis afnota af viðreisnarþjónustunni, framfærslustyrks, hvers konar nauðsynlegs ferðakostnaðar meðan á undirbúningsþjálfuninni stendur, lána eða fjárstyrkja, og að lögð séu til nauðsynleg verkfæri og útbúnaður, og til líkamsumbúða og annars slíks, þar sem um það er að ræða.

23. Fötluðum mönnum skyldi heimilað að færa sér í nyt allar greinar viðreisnarþjónustunnar án þess að missa nokkurs í um hjálp frá almannatryggingum, að svo miklu leyti sem þær eru óviðkomandi notkun slíkra þjónustugreina.

24. Fatlaðir menn, sem heima eiga á þeim stöðum, þar sem takmarkaðar horfur eru á að fá framtíðaratvinnu, eða takmarkaðir möguleikar eru á að búa sig undir starf, skyldu, ef þeir óska, eiga þess kost að vera þjálfaðir til atvinnu — þar með talið að þeim sé séð fyrir fæði og húsnæði og sömuleiðis tilflutningi á þeim stöðum, þar sem atvinnuhorfur eru betri.

25. Fatlaðir menn (þar með taldir þeir, sem njóta örorkustyrks) skyldu ekki látnir gjalda fötlunar sinnar að því er varðar kaup og önnur atvinnuskilyrði, ef starf þeirra þolir samanburð við það, sem ófatlaðir menn inna af hendi.

VI. Samvinna milli þeirra fyrirtækja, er um læknishjálp annast, og hinna, er hafa með höndum viðreisnarstarf til atvinnu.

26. (1) Sem allra nánust samvinna og sem allra bezt samræming skyldi vera milli þeirra fyrirtækja, er læknishjálp hafa með höndum, og hinna, sem vinna að atvinnulegri viðreisn fatlaðra manna.

(2) Þessi samvinna og samræming starfsemdanna skyldi vera til þess að:

- a. tryggja það, að læknishjálp og þegar um slíkt er að ræða, viðeigandi líkamsumbúðir, sé til þess í té látið, að það stuðli að því, að hinn fatlaði maður sé fyrir það færari til að vinna fyrir sér;
- b. auðveldara sé að finna þá fatlaða menn, er þarfnast viðreisnar til þess að geta unnið fyrir sér og færir geta orðið um það;
- c. unnt sé að hefjast handa um að þjálfar fatlaða menn til atvinnu á fyrsta og hentugasta stigi;
- d. láta í té læknisráð, þar sem þeirra er þörf, á öllum stigum atvinnuþjálfunar;
- e. láta fara fram mat á hæfileika mannsins til að starfa.

27. Þegar því verður við komið og lækni telur það ekki óhentugt, skyldi atvinnuþjálfun hefjast meðan hinn fatlaði maður nýtur læknishjálpar.

VII. Aðferðir til þess að fjölga atvinnumöguleikum fatlaðra.

28. Í náinni samvinnu við félagssamtök vinnuveitenda og verkamanna skyldi hafizt handa um að fjölga sem mest tækifærum fatlaðra til þess að ná í hentuga atvinnu og halda henni.

29. Slíkar aðgerðir skyldu fylgja eftirgreindum meginreglum:

- a. fatlaðir menn skyldu njóta sömu tækifæra og ófatlaðir til þess að vinna þau störf, sem þeir eru eins færir um að leysa af hendi;
- b. fatlaðir menn skyldu hafa algerlega frjálsar hendur um að taka að sér störf hjá vinnuveitendum eftir eigin vali;
- c. áherzla skyldi lögð á hæfileika fatlaðra manna og vinnugetu, en ekki á getuskortinn.

30. Í þessum aðgerðum skyldi innifalið:

- a. rannsóknir, er miði að því að skilgreina og sýna vinnugetu fatlaðra manna;
- b. viðtæk og varanleg kynning staðreynda með sérstöku tilliti til:
 - (i) vinnusemi, afkasta, slysatíðni, fjarvista og áreiðanleika fatlaðra manna við atvinnu í samanburði við ófatlaða menn, er stunda hina sömu vinnu;
 - (ii) aðferða við val starfsfólks, miðaðra við það, er sérstaklega þarf á að halda við starfið;
 - (iii) aðferða til þess að bæta vinnuskilyrði þar með talið tillögun og breytingar á vélum og útbúnaði, svo að auðveldara sé að nota fatlaða menn;
- c. ráð til þess að draga úr kvöðum á hendur einstakra verkamanna að því er varðar iðgjöld vegna réttinda til bóta;
- d. hvatning til vinnuveitenda um tilflutning þeirra starfsmanna, er sökum líkamsbilunar hafa ekki lengur sömu vinnugetu og áður, til hentugra starfsgreina í fyrirtækjum sínum.

31. Þar sem það getur samrýmt landshögum og er í samræmi við stjórnarstefnu landsins, skyldi stuðlað að því, að fatlaðir menn fái atvinnu, t. d. með eftirgreindum ráðum:

- a. að vinnuveitendur taki í þjónustu sína tiltekna hundraðstölu fatlaðra manna, þó svo að ekki þurfi ófatlaðir að vikja;
- b. að tiltekin störf séu aðeins fötluðum mönnum opin;
- c. að ráðstafanir séu til þess gerðar, að alvarlega fötluðum mönnum séu veitt tækifæri til atvinnu eða að þeir hafi forgangsrétt til starfa, er sérstaklega séu talin henta þeim;
- d. að stuðla að því, að stofnuð séu samvinnufyrirtæki eða önnur svipuð fyrirtæki, er stjórnað sé af fötluðum mönnum, eða fyrir þeirra hönd, og sé rekstur þeirra gerður sem auðveldastur.

VIII. Vernduð störf.

32. (1) Hlutaðeigandi stjórnarvald eða stjórnarvöld skyldu gera ráðstafanir til þess, í samvinnu við einkafyrirtæki, þar sem það hentar, að stofna til og efla framkvæmdir, er miði að því að sjá þeim fötluðum mönnum, er ekki geta starfað undir venjulegum samkeppnisskilyrðum, fyrir þjálfun og síðan atvinnu undir vernduðum skilyrðum.

(2) Slíkar aðgerðir skyldu fela það í sér, að komið sé upp vinnustofum, er verndaðar séu gegn samkeppni, og sérstakar ráðstafanir gerðar vegna þeirra fatlaðra manna, sem vegna fötlunar sinnar eða af sálarlegum ástæðum, eða sökum staðháttá, geta ekki ferðast til vinnu sinnar og heim aftur.

33. Undir rögg samlegu eftirliti með heilbrigði og vinnu ættu verndaðar vinnustofur að veita ekki aðeins gagnlega og ábatasama vinnu, heldur einnig tækifæri til þess að láta hinn fatlaða mann gegna því starfi, sem hentar honum bezt, og gera honum mögulegt að fullkomna sig og komast, ef þess er kostur, í atvinnu á opnum markaði.

34. Sérstakt skipulag skyldi haft fyrir þá menn, sem ætla heim til sín aftur, og það eflt, svo að þeir geti unnið gagnleg og ábatasöm störf heima hjá sér, þar sem eftirlit yrði haft með heilbrigði þeirra og atvinnu.

35. Þar sem og að svo miklu leyti sem lög mæla fyrir um kaupgjald og vinnuskilyrði almennt, skyldu þau fyrirmæli ná til fatlaðra manna, sem starfa við vernduð skilyrði.

IX. Sérstakar ráðstafanir vegna fatlaðra barna og unglunga.

36. Atvinnuþjálfun og viðreisnarþjónusta vegna barna og unglunga á skólaaldri skyldi skipulögð og eflað með náinni samvinnu milli fræðslumálastjórnarinnar og þeirra stjórnarvalda, sem atvinnuþjálfun til viðreisnar heyrir undir.

37. Við tilhögun menntamála skyldi tekið tillit til þess, er sérstaklega þarf að athuga, þegar um er að ræða fötluð börn eða unglunga, og þeirrar nauðsynjar, að þeim séu gefin sömu tækifæri og ófötluðum börnum og unglungum til þess að fá þá menntun og þá atvinnuþjálfun, sem bezt hentar aldri þeirra, hæfileikum og hagsmunum.

38. Meginmarkmið þess, sem gert er til atvinnuþjálfunar fötluðum börnum og unglungum, skyldi vera það, að dregið sé eftir megni úr þeim hömlum, sem fatlanir þeirra leggja á starfsmöguleikana, og að veita þeim sem bezt tækifæri til þess að búa sig undir og takast á hendur þau störf, sem frekast henta þeim. Notkun þessara tækifæra skyldi gerast með samvinnu lækniþjónustunnar, félagsþjónustunnar, menntamálaþjónustunnar og foreldra eða forráðamanna hinna fötluðu barna eða unglunga.

39. (1) Uppfræðsla, leiðbeining um starfsval, vinnuþjálfun og starfsráðning fatlaðra barna og unglunga skyldi fara fram innan þeirra almennu takmarka, sem sett eru þeirri þjónustu, sem í þessari grein er látin slíkum börnum og unglungum í té, og ávallt þegar það er mögulegt eða æskilegt, skyldi hún fara fram við sömu skilyrði og í sameiningu við það, sem gert er fyrir ófötluð börn og unglunga.

(2) Sérstakar ráðstafanir skyldu gerðar vegna þeirra barna og unglunga, sem vegna fötlunar sinnar geta ekki tekið þátt í slíkri þjónustu við sömu skilyrði og í sameiningu við ófötluð börn og unglunga.

(3) Í þeim ráðstöfunum skyldi sér í lagi felast sérstök þjálfun af hendi kennaranna.

40. Ráðstafanir skyldu gerðar til að tryggja það, að börn og unglingar, sem við læknisskoðun reynast fötluð eða svo takmörkuð, að þau séu yfirhöfuð ekki hæf til starfa:

- a. fái svo snimmendis sem mögulegt er viðeigandi læknishjálp til þess að uppræta fötlunina eða draga úr henni;
- b. séu hvött til þess að sækja skóla og þeim leiðbeint til þeirra starfa, sem líkleg eru til að henta þeim, og að þau eftir móttækileika sínum fái þjálfun og tækifæri til undirbúnings þeim störfum;
- c. njóti, ef þess er þörf, hlunninda fjárhagsaðstoðar meðan læknishjálpin, uppfræðslan og atvinnuþjálfunin standa yfir.

X. Framkvæmd meginatriðanna í atvinnuþjálfun til viðreisnar.

41. (1) Þjónustu atvinnuþjálfunar til viðreisnar skyldu laga eftir sérstökum þörfum og ástæðum hvers lands, og hana skyldi efla stig af stigi í ljósi þeirra þarfa og ástæðna og í samræmi við þau markmið, sem gerð er grein fyrir í tillögu þessari.

(2) Aðalmarkmið þeirrar stighækkandi eflingar skyldu vera:

- a. að leiða í ljós og þroska starfshæfileika fatlaðra manna;
- b. að styðja að því, eftir því sem frekast er unnt, að þeim gefist hæfileg tækifæri til starfa;
- c. að útrýma, að því er varðar þjálfun og atvinnu, mismunun gegn fötluðum mönnum vegna fatlana þeirra.

42. Hina stighækkandi þróun þjónustunnar við atvinnuþjálfun til viðreisnar skyldi, þar sem þess er óskað, efla með aðstoð Alþjóðavinnuáskrifstofunnar:

- a. með því að leggja fram, þar sem það er mögulegt, ráðgefandi aðstoð í tæknilegum efnum;

- b. með því að það sé skipulagt á viðtækum grundvelli, að skipzt sé á upplýsingum um þá reynslu, sem fengizt hefur í hinum ýmsu löndum; og
- c. með öðrum háttum alþjóðlegrar samvinnu, er stefni að því, að skipulagðar séu og efldar þjónustugreinar, sniðnar eftir þörfum og skilyrðum hvers einstaks lands og taki meðal annars til þjálfunar þess kennsluliðs, sem á þarf að halda.